

# Byrjendalæsi

SKÓLAÞRÓUNARSVIÐ KENNARAEILDAR HA

1.tbl., 1. árg. Áb. Trausti Þorsteinsson

13. nóvember 2007

## Um Byrjendalæsi



**Nemendur í 2. bekk semja orðaþraut sem aðrir leysa.**

Aðferðin Byrjendalæsi var í nokkur ár í smíðum. Fyrst var aðferðin reynd með kennurum í húnvetnskum skólum seinni hluta vetrar 2004–2005. Veturinn á eftir, 2005–2006 var kennt eftir aðferðinni í Lundarskóla og Oddeyrarskóla og var það fyrsti heili veturinn. Haustið 2006 bættust í hópinn Glerárskóli og Síðuskóli. Haustið 2007 bættust við átta nýir skólar. Þeir eru: Sunnlækjarskóli á Selfossi,

Grunnskólinn í Hveragerði, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskóli Borgarbyggðar, Varmalandsskóli, Grundaskóli og Brekkubæjarskóli, báðir á Akranesi og Akurskóli á Reykjanesi.

Leiðtogar annast ráðgjöf við skóla sem eru fjarri Akureyri. Leiðtogar í vetur eru: Ásta Egilsdóttir, Edda Antonsdóttir, Elínborg Sigurðardóttir, Helga Eiríksdóttir og Sóley Sigþórsdóttir.

Leiðtogar njóta ráðgjafar frá HA. Í hverjum skóla er starfandi oddviti. Hann er umsjónarmaður Byrjendalæsis í sínum skóla, styður við kennara, er tengiliður milli leiðtoga/ráðgjafa og kennara og upplýsir skólustjóra um framvindu og þarfir kennara.

## Frá ritstjórn

Með þessu fyrsta tölublaði hefur göngu sína vefritið *Byrjendalæsi*. Efni ritsins varðar fyrst og fremst fræði og framkvæmd kennslu læsis í fyrstu bekkjum grunnskólans. Í blaðinu munu birtast greinar um læsi frá ráðgjöfum og fréttir af skólastarfi. Þess er vænst að kennarar nýti sér þennan vettvang til að deila með öðrum góðum hugmyndum og vel heppnuðum verkefnum. Kennarar og leiðtogar eru hvattir til að senda inn efni til [jennyg@unak.is](mailto:jennyg@unak.is) eða [rosa@unak.is](mailto:rosa@unak.is).

Byrjendalæsisblaðið verður sent í tölvupósti til þeirra sem vinna eftir aðferðum Byrjendalæsis í 1. – 4. bekk og eru í samskiptum við skólaþróunarsvið HA. Umsjón með efni hafa Jenný Gunnbjörnsdóttir og Rósa Eggertsdóttir.

## Á döfinni

Læsi, skimunarpróf eru lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk dagana 7. – 15. nóvember. Úrlausnum skóla á Akureyri þarf að skila til Rósu og Jennýjar. Úrlausnum úr skólum á Reykjanesi, Suðurlandi og Vesturlandi þarf að skila til leiðtoga. Síðasti skiladagur er 23. nóvember. Skólar munu fá upplýsingar um stöðu sína og stöðu þriggja skólaklása.

## Efni í blaðinu:

FRÁ RITSTJÓRN	1
UM BYRJENDALÆSI	1
Á DÖFINNI	1
GAGNVIRKUR LESTUR	1
ORÐAENDURÞEKKING	2
ORÐALESTUR	2
FRÁ KENNURUM	2
LEIÐBEINANDI LESTUR	3
SÖGUGRIND	3
GULLKORN	3

## Gagnvirkur lestur hjá yngstu nemendum

A les og segir svo við B: Hvað var ég að lesa um? B segir frá efninu, les svo fyrir A og segir við A: Hvað var ég að lesa? Þannig koll af kolla ens efni er búið. Þá æfa börnin sig í að segja alla söguna þriðja aðila. Næst geta nemendur fundið saman tvö til þrjú lykilorð, skrifað og fundið orð í orðinu og skrifað þau upp neðst á orðasúpublað.



# Byrjendalæsi

## Orðaendurþekking



Nemandi finnur orð með sérstökum stöfum í dagblaði, merkir við og tölvusetur.

Það má skilgreina lestur á nokkra vegu. Lestrarlíkön hafa áhrif þar á. Sumir lita á lestur eingöngu sem umskráningu á meðan áhangendur málheildaraðferða lita á lestur sem viðbrögð við merkingu texta.


Í tengslum við hljóðkerfisvitund er lestur skilgreindur mjög ákveðið sem endurþekking orða (word recognition). Út frá þeirri kenningu er gert ráð fyrir að lesari fari nokkurn veginn í gegnum þrjú þrep:

1. *Lestur út frá sjónrænum vísbendingum* (visual cue reading). Börn þekkja orð út frá kunnuglegum stöfum eða stafasamböndum fremur útliti orðsins í heild. einum texta til annars.
2. *Lestur út frá hljóðrænum vísbendingum* (phonetic cue reading). Börn nýta sér þekkingu á hljóðum fyrstu stafa orðs til að hjálpa sér við að giska á næstu stafi. Þessi leið léttir heldur á minniskröfum en hefur þann ókost að börn geta lesið sama orðið misvel frá
3. *Lestur áætlaður út frá stafsetningu* (phonological recoding; chipher reading). Hjá liprum lesurum byggist framburður alfarið á hljóðun. Umskráning frá einum staf til annars krefst mikillar athygli og orku. Með aukinni leikni má gera ráð fyrir að lesarar lesi oftar einingar, s.s. atkvæði og aðrar orðeiningar í stað þess að hljóða hvern staf. (bls. 74-78).

## Frá kennurum

Ábending hefur borist frá kennara á Akureyri um að á næsta hópfundi 19. nóvember verði rætt um ritun og hvernig megi gera hana fjölbreytta.

Ennfremur er óskað eftir umfjöllun um hvernig nýta megi teninga, kubba, spil o.fl. betur í sundurgreinandi og samtengjandi verkefnum í stað ljósritaðra verkefnablaða.



Hugtakakort unnið af nemanda í 1. bekk.

## Orðalestur- kenna þarf tæknina

Eitt af því sem fylgir lestrarkennslu er að kenna nemendum leiðir sem grípa má til ef orðalesturinn gengur ekki sem skyldi. Hentugt er að kenna hjálparleiðir þegar kennari situr hjá 4 – 6 nemendum, og er að vinna eftir leiðum leiðbeinandi lestrar. Í slíkum aðstæðum má bæði kenna slíkar aðferðir og minna síðar á þær svo þær verði nemendum tamar.

**Myndir:** Leitaðu að vísbendingum í myndum sem fylgja textanum.

**Stafamynstur:** Athugaðu hvort í orðinu leynist kunnuglegt stafasamband eða orð í orðinu.

**Sannprófun:** Leitaðu að vísbendingum í orðalistum á veggjum.

**Hljóða hægt:** Hægðu á og hljóðaðu hægt hvert hljóð í orðinu.

**Láta vaða:** Renndu þér af krafti inn í orðið.

**Merking:** Dokaðu við og hugsaðu hvort þér finnst orðið falla vel að efninu. Hljómar það rétt? Litur það rétt út?

**Sleppa orðum:** Slepptu erfiðum orðum og haltu áfram að lesa. Stundum er hægt að skilja efnið út frá því sem á eftir kemur.

**Les aftur málsgrein:** Lestu aftur alla málsgreinina, byrjaðu fremst.

**Les aftur eitt orð:** Ef þú lest orð sem þú skilur ekki, hljómar ekki rétt eða litur ekki rétt út, lestu það þá aftur.

**Ágiskun:** Giskaðu á hvaða orð þér finnst vera um að ræða. Athugaðu hvort ágiskunin passar við stafina í orðinu.

Rog, L. J. (2003) Guided Reading Basics. Markham, Pembroke. Bls. 92-93.

## Leiðbeinandi lestur

Í leiðbeinandi aðstæðum vinnur kennari með litlum hópi nemenda sem eru á svipuðu stigi í lestri. Kennari aðstoðar nemendurna en þeir lesa sjálfir og hjálpast að. Í leiðbeinandi lestri eru sjö skref:

*Samhengið kynnt.* Ef um er að ræða nýjan texta er hann kynntur t.d.: Hvers konar texti er þetta? Ef nemendur hafa þegar unnið með textann, er rifjað upp hvers konar texta er um að ræða. *Textinn kynntur.* Ef nemendur eru ungir eða lesa ekki reiprennandi, er textanum fylgt úr hlaði með því að fara yfir hann, t.d. með því að fletta síðum, vekja athygli á myndum og spyrja nemendur um hvað þeir haldi að gerist. Kennarinn notar það tungumál sem er í textanum til að búa nemendur undir að lesa tiltekin orð og orðasambönd. Kennarinn getur bent á sérstök orð í textanum og rætt þau. Ef kennari situr

með hópi nemenda sem er vel læs, þá getur hann beint athyglinni að bókfræðilegum upplýsingum, s.s. titli, kaflaheitum, myndmáli, útgefanda, o.s.frv. Kennari getur einnig lesið eina eða tvær efnisgreinar til að leggja línurnar um hvernig á að lesa textann.

*Mat á lestrartækni.* Kennari minnir nemendur á mismunandi lestrarleiðir og spyr hvað eigi að gera þegar þeir festast í einu orði. Markmiðið er að efla skilning nemenda á að unnt er að beita margvíslegum leiðum við lestur.

*Nemendur lesa.* Ef um ung börn er að ræða eða stíra lesara, þá les hvert barn upphátt á eigin hraða. Eldri nemendur eða vel læsir, geta lesið í hljóði en einn í hópnunum les upphátt fyrir kennara. Hugsanlega einkennast sumar lotur af hljóðlestri eða jafnvel engum lestri, ef nemendur hafa

þegar lesið textann. Þá er farið beint á næsta stig.

*Kennari aðstoðar og metur.*

Kennari hjálpar nemendum við lesturinn þegar þarf og minnir þá á mismunandi lestrartækni. Hér er einnig kjörið að meta lestur nemenda og skrá stöðu þeirra hjá sér.

*Textinn ræddur, skilningur og ályktanir.*

Kennari eflir lesskilning nemenda með því að spyrja þá og hlusta á svör þeirra. Kennari gengur eftir því að nemendur finni í textanum ástæður fyrir svári sínu og skoðunum. Kennari metur hvenær hann fer fram á að nemendur verði færir um að draga ályktanir af textum.

*Áhersla á orð og málsgreinar.*

Kennari gæti viljað draga athygli nemenda að tilteknum orðum, orðasamböndum, málsgreinum og greinarmerkjum til að skoða og ræða.

Martin, T., Lovat, C. og Purnell, G. (2004). *The really useful literacy book. Being creative with literacy in the primary classroom.*



Leiðbeinandi lestur. Kennari sest hjá litlum hópi nemenda, leggur inn og metur stöðu þeirra.

## Gullkorn

Skilningur byggist á að tengja nýtt efni við fyrri þekkingu og reynslu:

- Kenna þarf nemendum hvernig hægt er að mynda tengingar.
- Kenna þarf nemendum að nota tengingar til að skilja betur það sem þeir lesa.

Rosenblatt 1978

## Sögugrind

Sögugrind er ætlað að auðvelda nemendum að skipuleggja efnisþætti í sögum sínum. Þær geta verið af ýmsum gerðum. Kenna þarf nemendum að gera slíka grind.

Titill:	Jói og baunagrasið		
Höfundur:	Ævintýri		
Opnun:	Persónur:	Hvað gerðist?	Endir:
Einu sinni	Jói, mamma Jóa, ...	Jói fór með kúna á markaðinn. Jói kom heim með baunir. Mamma Jóa fleygði þeim út um gluggann. Baunaspíran óx og óx. ....	Þau lifðu hamingjusöm og glöð upp frá því.

Efni: Rósa Eggertsdóttir